



Alþingi - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga, þskj. 101 - 101. mál.

Með tölvuskeyti, dags. 26. september 2019, sendi nefndasvið Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar frumvarp til laga um skráningu einstaklinga, 101. mál. Frestur til að skila umsögn var til 9. október 2019, en að beiðni Reykjavíkurborgar var sá frestur framlengdur um viku eða til 17. október 2019. Gert er ráð fyrir að frumvarp til laga um skráningu einstaklinga komi í stað gildandi laga nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu.

I. Almennt um efni frumvarpsins

Frumvarpið fjallar um grunnskráningu einstaklinga og skráningu í þjóðskrá. Þannig varðar efni frumvarpsins samfélagið allt og hefur mikla þýðingu fyrir alla skráningu og skjalavinnslu um málefni einstaklinga hér á landi. Með frumvarpinu verður heimild til skráningar einstaklinga færð til nútímalegra horfs og gildandi réttur færður til samræmis við upplýsingatækni og samfélagsgerð nútímans. Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið að því undanskildu að talið er nauðsynlegt að afdráttarlaust verði kveðið á um að lögmælt þjónusta Þjóðskrár Íslands, t.d. vegna kjörskrárstofna (íbúaskrár) fyrir sveitarfélög sé ávallt undanþegin þjónustugjaldi. Þá útheimta önnur lögmælt verkefni sveitarfélaga aðra og ítarlegri notkun þeirra á þjóðskrá. Því telur Reykjavíkurborg mikilvægt að gjaldtökuheimildir frumvarpsins taki mið af lögmæltum verkefnum sveitarfélaga þannig að sveitarfélögum verði tryggð endurgjaldslaus notkun á þjóðskrá vegna lögbundinna verkefna þeirra.

II. Athugasemdir Reykjavíkurborgar við frumvarpið

a. Gjaldtaka

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á fjármögnun Þjóðskrár Íslands, með gjaldfrelsi tiltekinna opinberra aðila. Er það álit Reykjavíkurborgar að aðgangur að grunnskrám, þ.e. þjóðskrá og fasteignaskrá, eigi að vera án endurgjalds. Í ljósi hlutverks og verkefna Þjóðskrár Íslands fyrir samfélagið verður að telja eðlilegra að stofnunin væri alfarið fjármögnuð af ríkissjóði. Stofnunin heldur fasteignaskrá og þjóðskrá, ákveður brunabóta- og fasteignamat, ásamt því að gefa út vegabréf og sjá um rekstur starfs- og upplýsingakerfa fyrir sýslumenn og sveitarfélög. Gagnir stofnunin þannig mikilvægu hlutverki og sinnir verkefnum sem nauðsynleg eru fyrir alla opinbera stjórnsýslu í landinu. Með vísan til þess telur Reykjavíkurborg eðlilegra að fjármögnun stofnunarinnar sé alfarið á ábyrgð ríkisins og að gjaldtöku af notendum sé stillt í hóf, einkum þegar notendur þurfa að nota þjónustuna til að sinna lögbundnum verkefnum.

Reykjavíkurborg leggst sérstaklega gegn því að gjaldtaka verði heimiluð vegna aðgangs sveitarfélaga að grunnskrám þjóðskrár, en slíkur aðgangur er sveitarfélögum nauðsynlegur til

að rækja lögbundin verkefni. Er það mat Reykjavíkurborgar að með 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins sé tekið þarft skref, þar sem kveðið er á um að sveitarfélög fái aðgang að árlegum íbúaskrám án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Þurfi þó meira að koma til og er það því álit Reykjavíkurborgar að aðgangur að grunnskrá, þ.e. þjóðskrá og fasteignamati, skuli vera óbreyttur, og að aðeins skuli greitt fyrir aðgang að skrá um fasteignamat og kerfum til álagningar fasteignaskatts og fasteignagjalda í hlutfalli við heildarfasteignamat viðkomandi sveitarfélags. Ef að jafnframt yrðu greidd einingaverð fyrir aðgang að upplýsingum um þessi svæði í fasteignaskrá, þ.e. sem varða mannvirkja- og lóðasvæði, matssvæði og eigendasvæði, er fyrirsjáanlegt að kostnaður yrði verulegur. Leggst Reykjavíkurborg alfarið gegn gjaldtöku fyrir notkun grunnskraa, enda er óheft aðgengi að fasteignaskrá og breytingum í henni nauðsynlegt m.a. vegna álagningar fasteignagjalda. Þá vekur Reykjavíkurborg athygli á því að við rækslu lögbundinna verkefna skrá sveitarfélög upplýsingar í þjóðskrá og fasteignaskrá. Þannig er þjónustan gagnkvæm að þessu leyti og því telur Reykjavíkurborg óeðlilegt að lagt verði á gjald m.a. vegna uppflettinga til að færa upplýsingar í grunnskrár.

Þá er það enn fremur mat Reykjavíkurborgar að ákvæði 19. og 20. gr. frumvarpsins um gjaldtöku séu ekki nægilega skýr um það að hvaða leyti þjónustugjöld komi til með að standa undir rekstri Þjóðskrár Íslands. Leggur Reykjavíkurborg áherslu á að þjónustugjöld geti að hámarki staðið undir þeim hluta af kostnaði við rekstur stofnunarinnar, sem stafar af afhendingu og umsýslu með gögn sem þjónustugjöld lúta að og að ekki sé heimilt að innheimta með þjónustugjöldum allan kostnað af rekstri stofnunarinnar. Slík gjaldtaka gengi gegn ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, enda fæli hún í sér of víðtæka heimild fyrir Þjóðskrár Íslands til að leggja á þjónustugjöld.

Í samræmi við framangreint leggur Reykjavíkurborg áherslu á að gjaldheimtu vegna aðgangs að grunnkerfum þjóðskrár verði ekki breytt. Er það tillaga Reykjavíkurborgar að 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins verði þess í stað breytt með eftirfarandi hætti:

„Sveitarfélög eiga, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir, rétt á árlegum íbúaskrám skv. 17. gr. og rétt á upplýsingum úr þjóðskrá, afnotum þeirra og vinnslu vegna þjóðskrár og fasteignaskrár.“


b. Íbúaskrár

Í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins er lagt til að sveitarfélögum verði gert skylt að yfirfara íbúaskrár sínar með reglubundnum hætti eða eigi sjaldnar en þrívægis á hverju ári. Ekki er að finna skýringu á því í greinargerð með frumvarpinu hvers vegna lagt er til að þessi skylda verði lögð á sveitarfélög í svo ríkum mæli. Að mati Reykjavíkurborgar er ekki þörf á jafn reglubundinni yfirferð íbúaskrár á hverju ári og frumvarpið leggur til. Þess í stað leggur Reykjavíkurborg til að 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að ákvæðið verði svohljóðandi:

„Sveitarfélög skulu yfirfara íbúaskrá sína með reglubundnum hætti en eigi sjaldnar en einu sinni á ári.“

Verði niðurstaðan sú að ákvæði 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins rati óbreytt efnislega í samþykkt lög, telur Reykjavíkurborg eðlilegt og sanngjarnt að sveitarfélög eigi rétt á íbúaskrá jafnoft og þeim er gert að yfirfara hana árlega, án endurgjalds.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,



Ebba Schram
borgarlögmaður